

Skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar

2. fundur 2024 (124. fundur)

EBj/

Fundur haldinn í skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar 04.03.2024 kl. 08:15 í fundarsal Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum.

Viðstaddir:

Guðmundur Björnsson	formaður skipulagsnefndar
Einar Jón Pálsson	skipulagsnefnd
Valgerður B. Eggertsdóttir	"
Jón B. Guðnason	"
Margrét Lilja Margeirsdóttir	"
Eiríkur Bjarnason	ritari skipulagsnefndar
Björn Ingi Edvardsson	skipulagsfulltrúi

1. Minnisblað Vegagerðarinnar um frumdrög fyrir tvöföldun Reykjanesbrautar milli Fitja og flugvallarsvæðis

Lögð var fram verkefnisáætlun frumdraga fyrir tvöföldun Reykjanesbrautar milli Fitja og flugvallarsvæðis. Langtímamarkmið Vegagerðarinnar er að Reykjanesbraut á þessum kafla verði 2+2 stofnbraut án planvegamóta. Vegamót yrðu þannig mislæg.

2. Samskipti við Vegagerðina um Reykjanesbraut og flugbrautakerfið

Lagður var fram tölvupóstur Jóhanns Inga Jóhannessonar verkfræðings hjá Vegagerðinni, dags 16.02.2024, um ýmis atriði er varða gerð Reykjanesbrautar og flugbrautir á Keflavíkurflugvelli.

3. Endurskoðun aðalskipulags Keflavíkurflugvallar. Umræður um stöðuna og vinnuna framundan

Formaður skipulagsnefndarinnar ræddi framtíðarlegu flugbrauta á Keflavíkurflugvelli. Í gildandi aðalskipulagi er gert ráð fyrir fimm flugbrautum á flugvellingnum. Í umsögnum um skipulagslýsingu vegna endurskoðunar aðalskipulagsins tjáðu sig þrír aðilar, innviðaráðuneytið, Samgöngustofa og öryggisnefnd FÍA, um nauðsyn þess að gera ráð fyrir í aðalskipulagi svokölluðum skábrautum, sem eru NA/SV og NV/SA brautir.

Gert er ráð fyrir að drög Isavia að breyttu aðalskipulagi verði kynnt á næsta fundi skipulagsnefndarinnar.

4. Breyting á aðalskipulagi Reykjanesbæjar í miðsvæði Vatnsness

Lögð var fram skipulagslýsing vegna fyrirhugaðrar breytingar á aðalskipulagi í miðsvæði Vatnsness, dags. í janúar 2024. Breytingin felst í þéttingu byggðar og fjölgun íbúða á svæðinu.

Skipulagsnefndin gerir ekki athugasemd skipulagslýsinguna

Fulltrúi Reykjanesbæjar vék af fundi undir þessum lið.

- 5. Verklagsreglur um samskipti skipulagsnefndar Keflavíkurflugvallar og Isavia**
Lögð var fram rýni Isavia á tillögu skipulagsnefndarinnar að verklagsreglum um samskipti milli þessara aðila. Skipulagsnefndin samþykkti samskiptareglurnar með áorðnum minniháttar breytingum af hálfu Isavia.
- 6. Umsókn Isavia um stöðuleyfi til Suðurnesjabæjar vegna olíukyndistöðvar á flugvallarsvæðinu**
Skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar samþykkir stöðuleyfi til eins árs fyrir olíukyndistöð til bráðabirgða austan við aðalbyggingu flugstöðvarinnar.
- 7. Umsókn Icelandair um stöðuleyfi til Suðurnesjabæjar fyrir gám undir varaafstöð að Fálkavelli 2**
Skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar samþykkir stöðuleyfi til eins árs fyrir gám undir varaafstöð að Fálkavelli 2.
- 8. Næsti fundur**
Næsti fundur skipulagsnefndarinnar er fyrirhugaður 8. apríl 2024.

Fleira ekki gert, fundi slitið.

Ný slóð á sharepoint síðu skipulagsnefndar:
<https://isaviasky.sharepoint.com/sites/D0234/SitePages/Home.aspx>